

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Starfsleyfisflokkur:
Laxar fiskeldi ehf.	31.10.2018	Bakka 1, Ölfusi	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
621205-1370	01.10.2026	Já	<150þ. seiði og afrennsli í ferskvatn, allt að 20 tonna ársframleiðsla.

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?		X		Ársframleiðsla er 60-80 tonn, leyfi nær einungis til 20 tonna ársframleiðslu.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?		X		Frárennslibúnaður sem unnið var að hönnun í desember 2017, hefur ekki verið settur upp né verið fullhannaður.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		X		Skráningar í rekstrardagbók innihalda ekki losun efna út í umhverfið.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við en þarf að vera aðgengilegt eftirlitsaðila við eftirlit.
Grænu bókhaldi og ústreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)		X		Vantar.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?			X	Á ekki við.
Er neyðaráætlun til staðar?		X		Vantar.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	Á ekki við.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	X			Tölvustýrð fóðrun sem reiknar fóðurmagn frá fjölda og meðalþyngd.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?		X		Engin skráning.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?		X		Fóðurleifar sjáanlegar í frárennslis. Frost og stillt veður var og engin lykt fannst, né sást froða eða fiskur í frárennslis.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.		X		Engin hreinsun eða mengunarvarnir eru á frárennslis, einungis gróf rist til varnar slysasleppingum í viðtaka. Frárennslis frá húsi og útikerjum liggur í opin læk, aðeins neðar er gróf rist til varnar slysasleppingum í viðtaka.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).		X		Ferskvatnslækur
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	X			Ekkert eftirlit er með vatnsgæðum.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við		X		Dauðfiskur fer með heimilisúrgangi stöðvar, engar kvittanir. Til stendur

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?				að setja upp meltutank. Annað sorp fer óflokkað í Gámastöð Hveragerðis.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?			X	Á ekki við.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.			X	Á ekki við.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?				Skv. rekstraraðila á að mæla fljótlega.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit í kjölfar ábendinga um grugg í frárennsli. Í eftirlitinu var eitt frávik staðfest í eftirlitinu.

Samantekt:	<p>Klak- og seiðastöð með seiðaker í einu húsi og tvö útiker. Ekki hefur verið ráðist í þær úrbætur á hreinsun frárennslis sem rekstraraðili hafði tilkynnt eftirlitsaðila að myndu klárast í seinasta lagi sumar 2018. Fóðurleifar sjást í frárennsli. Losun efna út í umhverfið hefur hvorki verið reiknuð út né mæld í frárennsli. Framleiðsla á ársgrundvelli er umfram það sem leyfilegt er skv. starfsleyfi.</p> <p>Fimm frávik frá starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi komu fram við eftirlitið og þrjár ábendingar eru gerðar. Frávik frá gr. 1.1, framleiðsla stöðvarinnar er meiri en 20 tonn á ári. Frávik frá gr. 1.4, losun efna í umhverfið er ekki skráð. Frávik frá gr. 1.4, neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar vantar. Frávik frá gr. 1.4 og 18. grein laga 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar vantar. Frávik frá gr. 2.1, 2.6 og 3.1, engin hreinsun er á frárennsli.</p> <p>Rekstraraðila er bent á að senda Umhverfisstofnun niðurstöður mælinga þegar þær berast. Rekstraraðila er einnig bent á að farga dauðfiski ekki með heimilissorpi og fá kvittanir fyrir förgun, ásamt því að skila umbúðum undan spilliefnum í spilliefnamóttöku.</p>
Annað:	<p>Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.</p> <p>Rekstraraðila er einnig bent á að senda Umhverfisstofnun afrit af kvittunum vegna dauðfisks og sorps, viðbragðsáætlun v/ bráðamengunar og neyðaráætlun v/rekstrarstöðvunar.</p>

Undirskrift eftirlitsmanns:

Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Laxar fiskeldi ehf. Bakka 1, Ölfusi



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	31.10.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Laxar fiskeldi ehf.	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Bakka 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	621205-1370	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhannes Sigurðsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Arinbjarnarson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fimm frávik komu fram við eftirlitið er varða umfang, skráningu losun efna út í umhverfið, neyðaráætlun, viðbragðsáætlun v/bráðamengunar og hreinsun frárennslis. Þrjár ábendingar eru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun og vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá	Lýsing á frávik
Gr. 1.1 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi	Framleiðsla stöðvarinnar er 60-80 tonn á ársgrundvelli en leyfið tekur einungis til 20 tonna framleiðslu.
Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi	Skráningar á losun efna út í umhverfið vantar.
Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi	Neyðaráætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar vantar.
Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi og 18. grein laga 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda	Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar vantar.
Gr. 2.1, 2.6 og 3.1 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi	Skv. starfsleyfisskilyrðum ber rekstraraðila að beita bestu fánlegu tækni til að fyrirbyggja mengun umhverfisins, frárennslis skal forhreinsast og frárennslis sem rennur beint í viðtaka skal að lágmarki miða við eins þreps hreinsun. Engin hreinsun er á frárennslis.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent að senda niðurstöður mælinga á frárennsli þegar þær berast, uppreiknaðar í losun P og N per framleitt tonn ársins 2018 á Umhverfisstofnun, ust@ust.is.

Rekstraraðila er einnig bent á að farga dauðfiski ekki með heimilissorpi og fá kvittanir fyrir förgun, ásamt því að skila umbúðum undan spilliefnum í spilliefnamóttöku.

ANNAÐ

Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.

Rekstraraðila er einnig bent á að senda eftirlitsaðila kvittanir vegna sorps, viðbragsáætlun vegna bráðamengunar og neyðaráætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.12.2018

Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir

